

MOSFELLINGUR

5. tbl. 8. árg. miðvikudagur 8. apríl 2009. Dreift ókeypis inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Gleðilega páska

Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Stórikriki – Einbýlishús

EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ



Gleðilega páska 



226,7 fm einbýlishús á einni hæð með góðum bílskúr á mjög fallegum útsýnisstað við Stórakrika 25 í Mosfellsbæ. Ath. húsið er íbúðarhæft, en ófrágengið að hluta - **þetta er gott tækifæri fyrir laghenta.** **V. 39,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is

Gleðilega páska



Mosfellsbakarí

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun



Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök
*Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.*
**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 22. apríl

Ungmennafélag í aldanna rás

Nú líður senn að stórafmæli Aftureldingar en félagið verður 100 ára þann 11. apríl. Hátíðarhöldin fara að mestu fram í kringum sumardaginn fyrsta.



Af afrekum Aftureldingar er minnstæðast í mínum huga gullaldarárin í handboltanum. Þá var kátt í höllinni. Peningum var dælt í handboltann og uppskeran lét ekki

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

á sér standa. Það var eins og allt sveitarfélagið lifnaði við. Þvílík stemning í kjúklingabænum. Mig dreymir um að Afturelding fari að láta til sín taka af alvöru á nýjan leik jafnt í handbolta sem og hverri annarri íþróttagrein.

Eini gallinn á gjöf Njarðar hvað afmælishátíðina varðar er sá að ekki hafi verið farið fyrr af stað við söguritun félagsins. Auðvitað ætti sú bók að vera tilbúin nú á afmælisdegi Aftureldingar. Einhver bið virðist ætla að verða á þeirri útgáfu en eflaust verður það glæsileg saga sem gaman verður að lesa. Áfram Afturelding ... í hundráð ár.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Nú þegar fermingar standa sem hæst er við hæfi að birta ljósmynd af fermingarbörnum í Mosfellsveit frá fyrri tíð. Þessi mynd var tekin vorið 1965 og í fremstu röð eru talið frá vinstri: Þórunn Bjarnadóttir Mosfelli, óþekkt, Kolbrún Gestsdóttir Úlfarsá, séra Bjarni Sigurðsson, Signý Jóhannsdóttir Dalsgarði, Marta Hauksdóttir Helgafelli og Helga Haraldsdóttir Markholti. Í miðröð eru talið frá vinstri: Guðbjörg Þórðardóttir Reykjaborg, óþekkt, Bryndís Erla Eggertsdóttir Álafossi, Valgerður Hermannsdóttir Helgastöðum, Eygló Ebba Hreinsdóttir Markholti 6 og Guðrún Lára Aradóttir Reykjaseli. Piltarnir eru taldir frá vinstri: Daníel Guðmundsson Lykkju á Kjalarnesi, Brynjar Viggósson Markholti 7, Kjartan Jónsson Hraðastöðum, Þorsteinn Guðmundsson Þormóðsdal, Reynir Óskarsson Hlíðartúni 5, Jól Jólsson Reykjahlíð og Páll Árnason Reykjalundi.

Ljósmyndin er tekin eftir altarisgöngu í Lágafellskirkju en fjögur barnanna fermdu í Mosfellskirkju sem þá var nývígð. Athygli vekur að flestir á myndinni eru kenndir við bæjanöfn og húsaheiti en ekki götunafn og númer. Á þessu herrans ári 1965 voru tímar þéttbýlisins enn innan seilingar í henni Mosfellsveit.

Bjarki Bjarnason



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Skinhope.is

vinsælu ódýru náttúrulegu kremin

Erum flutt í Tröllateig 4, opið eftir samkomulagi

Einnig vinsælu leirmyndirnar til fermimingagjafa

Alma, sími: 586-1735

SkinHope.is

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Kvísartunna – Parhús
Mjög glæsilegt 247,7 fm parhús með innb. 48,2 fm bílskúr við Kvísartunngu. Neðri hæðin: forstofa, sjónvarpshol, 3 svefnherb., baðherb. og þvottahús. Efri hæðin: stórar stofur, stórt eldhús og baðherb. Mikil lofthæð og stórglæsilegt útsýni! Stórar svalir með heitum potti.
Seljandi skoðar skipti á minni eign!
V. 56,5 m.



Laxatunga - Ný raðhús
Vorur að fá í sölu ný 172,5 fm raðhús með innbyggðum bílskúr sem verða afhent fullbúin með innréttingum og gólfefnum á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi - hvítar innréttingar og eikarparket og flísar á gólf. Ahv. eru 20 millj. kr. ÍLS lán. **Skipti á minni eign skoðuð!**
V. frá 38,7 m.



Litlirkri - Einbýli
Glæsilegt og vel skipulagt 295,1 fm einbýlishús á tveimur þöllum með tvöföldum bílskúr við Litlirkri í Mosfellsbæ. Húsið er mjög fallegt og mikið lagt í frágang innandyrna, lýsing er hönnuð af Lúmax, hnotuparket og flísar eru á gólfum, innréttingar eru frá JKE Design og vönduð tæki í eldhúsi.
V. 69,5 m.



Hjarðarland - Parhús
Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Fallg. aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílplan. **Lækkað verð!**
Seljandi skoðar skipti á minni eign!
V. 42,4 m.



Reykjavegur - Parhús
Fallegt 161,8 fm parhús með innbyggðum bílskúr við Reykjaveg 55B í Mosfellsbæ. Húsið stendur í útjaðri byggðar í skógi vöxnu umhverfi. Garður er gróinn með timburvernd og heitum potti.
V. 39,5 m.



Ásland-Parhús m/aukaíbúð
Mjög fallegt 203,8 m² parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýni mjög mikið frá húsinu.
V. 43,9 m.



Arnartangi - Raðh. + Bílskúr
94 fm raðhús á einni hæð á skjólgóðum og gróðursælum stað við Arnartangi í Mosfellsbæ, ásamt 28,4 fm bílskúr. Í húsinu eru 3 svefnherbergi. **Eignin er laus til afhendingar strax!**
V. 24,5 m.



Litlirkri 2 - 4ra herbergja
Ný og glæsileg 126 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlirkri 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er fullbúin með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum. **Íbúðin er tilbúin til afhendingar!**
V. 32,5 m.



Klapparhlíð - 4ra herbergja
Falleg 99,9 fm, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinnngangi og sérgarði í 3ja hæða fjölbýli. Mjög góð staðsetning stutt er í skóla, leikskóla, World Class og sund.
V. 23,6 m.



Fálkahöfði - 3ja herbergja
Falleg 103,9 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, þvottahús, tvö rúmgóð herbergi, baðherbergi og sérgeymslu **Frábær staðsetning!**
V. 23,9 m.



Prastarhöfði - 3ja herbergja
Falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt staði í bílageymslu við Prastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs.
Íbúðin er laus til afhendingar strax!
V. 26,9 m.



Klapparhlíð - 3ja herbergja
3ja herbergja, 81,9 fm íbúð á efstu hæð með sérinnngangi í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Rétt hjá húsinu er leikskólinn Hulduberg, grunnskólinn Lágafellskóli, glæsileg sundlaug og World Class.
V. 21,9 m



Klapparhlíð - 2ja herbergja
Falleg 66,9 fm, 2ja herbergja íbúð með sérinnngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. **Íbúðin er laus til afhendingar!**
V. 17,9 m.



Mosfellsbær leigir út matjurtagarða

Nú er búið að opna fyrir umsóknir um matjurtagarða í Mosfellsbæ. Matjurtagarðarnir verða aðallega staðsettir í Skarhólamáryri, á sama stað og garðar hafa verið til útleigu undanfarin ár. Þar verða í boði 36 nytjagarðar og möguleiki á að bæta við fleiri gördum til viðbótar ef ásókn er mikil. Stærð garða er óbreytt frá fyrri árum, eða 100 fm hver garður. Leiguverð er kr. 3.000 fyrir hvern garð. Þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2, annast eins og áður móttöku umsókna og tekur við greiðslu fyrir þá. Gert er ráð fyrir að garðar verði afhentir um 20. maí en það er háð því að frost sé farið úr jörðu og búið sé að plægja garðana.

MOSFELLINGUR á vaktinni

Líður senn að páskaum og flykkjast nú Mosfellingur í kjörbúðir og kaupa sér páskaegg. Mosfellingur kannaði að þessu sinni verð á páskaeggjum og tók fyrir egg frá Nóa Sírusi númer fjögur.



Ekki má þó gleyma páskaeggjunum frá Mosfellsbakarí sem unnin eru úr villibraunasúkkulaði frá Bólívíu.

Nóa páskaegg nr. 4

Bónus	879 kr.
Krónan	899 kr.
N1	1447 kr.

Stóra upplestrarkeppnin fór fram í Lágafellsskóla þann 19. mars

Sigurvegarar í upplestrarkeppni

Fjöla Rakel Ólafsdóttir, nemandi í 7. HS í Lágafellsskóla sigraði í úrslita-keppni Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin var í Lágafellsskóla.

Hvor grunnskólinn í Mosfellsbæ átti fimm fulltrúa á lokavöldinu en 135 nemendur hófu keppnina í haust.

Á úrslitavöldinu lásu krakkarnir sögur og ljóð og reyndu að heilla dómnefndina með flutningi sínum. Allir keppendur stóðu sig með mikilli prýði og fengu blóm, bækur og geisladisk í viðurkenningarskyni fyrir þátttökuna. Að auki fengu þeir sem skipuðu fyrstu þrjú sætin peningaverðlaun frá BYR sparisjóði.

Dómarar voru þau Birgir D. Sveinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Gunnhildur Sigurðardóttir. Skólakór Varmáskóla söng nokkur lög í byrjun og einnig komu tónlistarnemendur Listaskólans fram.



Verðlaunahafarnir Fjöla Rakel Ólafsdóttir Lágafellsskóla, Aðalbjörg Egilsdóttir Varmáskóla og Haraldur Árni Harðarson Lágafellsskóla.

11. apríl verður opnað 50 ára gamalt bréf ætlað sitjandi aðalstjórn félagsins

Aldarafmæli Aftureldingar

Laugardaginn 11. apríl nær Ungmennafélagið Afturelding þeim merka áfanga að verða aldargamalt. Í tilefni af þessum viðburði mun verða haldin mikil afmælishátíð síðasta vetrardag og sumardaginn fyrsta eins og sjá má annars staðar í blaðinu og verður nánar auglýst síðar. Þar verður blásið til afmælisveislu og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna.

Á sjálfan afmælisdaginn mun þó aðalstjórn Aftureldingar halda opinn hátíðar-áðalstjórnarfund í Bæjarstjórnarsalnum á 2. hæð í Kjarna. Þar verður m.a. opnað bréf sem ritað var af aðalstjórn félagsins fyrir 50 árum til aðalstjórnar félagsins 2009. Einnig mun aðalstjórn rita samskonar bréf til þeirra sem verða við stjórnvölinn eftir 50 ár, árið 2059.

Á fundinum verður kynnt 100 ára afmælismerki Aftureldingar, hannað af Kristínu Maríu Ingimarsdóttur og gefið af Mosfellsbæ. Öllum er velkomið að vera viðstaddir fundinn á meðan húsrúm leyfir. Í aðalstjórn Aftureldingar sitja í dag: Jón Pálsson formaður, Sævar Kristinsson varaformaður, Hilmar Stefánsson gjaldkeri, Arna Harðardóttir ritari, Ásmundur Pálsson meðstjórni, Anna Sigríður Guðnadóttir varamaður, Erna Reynisdóttir varamaður.



Jón Pálsson formaður Aftureldingar og Elísabet Guðmundsdóttir formaður 100 ára afmælisnefndar með 50 ára gamalt bréf sem opnað verður á afmælisdegi Aftureldingar laugardaginn 11. apríl

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

9. apríl - Skírdagur
Fermingarguðsþjónustur í Lágafellskirkju kl. 10:30 og 13:30

10. apríl - Föstudagurinn langi
Guðsþjónusta í Víðinesi kl. 11
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 14

12. apríl - Páskadagur
Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 8

19. apríl - 1. sunnudagur eftir páska
Fermingarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 10:30

26. apríl - 2. sunnudagur eftir páska
Fermingarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 10:30
Fermingarguðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 13:30

SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

Hreinsun í kirkjugörðum

Vorhreinsun fer að hefjast í kirkjugörðum Lágafellssóknar að Lágafelli og við Mosfell. Þeir aðstandendur, sem settu jólaskraut eða aðrar skreytingar eru hvattir til að koma í garðana og huga að leiðum ástvina sinna. Fjarlægja jólaskraut af leiðum og léttu þannig undir með starfsmönnum garðanna og koma í veg fyrir að eigulegt skraut lendi í glatkistunni. Hægt er að nálgast upplýsingar um garðana í gegnum netfangið hreidar@kirkjan.is



MOSFELLSBÆR

Hafðu áhrif!

Fundur um stefnumótun á menningarsviði Mosfellsbæjar

Mosfellsbær stefnir íbúum á fund um stefnu á menningarsviði. Markmiðið er að stíga fyrstu skref í að móta stefnu fyrir menningarsviðið í heild sinni og byggja brýr milli hinna ólíku þátta sviðsins.

Hvað er menningarsvið?

Menningarsvið varð til við stefnumótun Mosfellsbæjar sem unnin var á síðasta ári. Undir menningarsvið heyrja íþróttir, heilsa, hreyfing, tólmstundir, listir og menning. Einnig tilheyra sviðinu ferðamál, þróunarmál og nýsköpunarmál hvers konar. Þá má einnig nefna sögu, fornminjar, safnamál og vinabæjasamstarf. Stofnanir á sviðinu eru íþrótt- og félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins, bókasafn Mosfellsbæjar og væntanleg menningarhús. Menningarsvið teygir anga sína víða og sér um tengsl við frjáls félagasamtök á sviði íþrótt, tólmstunda og menningar.

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl kl. 17-20 í V6 Sprotahúsi, Völuteigi 6, Mosfellsbæ. **Vinsamlegast skráið þátttöku á mos@mos.is og í s. 525 6700.**

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



Vel heppnaður forvarnardagur

Félagsmiðstöðin Bólið stóð fyrir skömmu fyrir fræðslu- og forvarnardegi undir yfirskriftinni: Framtíðin og þú! Nemendur í 8.-10. bekk úr báðum grunnskólunum komu saman í Lágafellsskóla og tóku þátt í alls kyns smiðjum þar sem ungmennunum var leyft að spreyta sig á ýmsu því sem þeim þótti áhugavert. Mikil ánægja var með daginn en honum lauk með tónleikum í Lágafellsskóla þar sem hip-hop hetjurnar í Forgotten Loes komu fram auk hljómsveitarinnar 32C sem að eigin sögn ætla að sigra Ísland á næstu mánuðum.



Vilja úrbætur í umferðarmálum

Hverfisráð Kjalarness hélt nýlega íbúafund um umferðaröryggismál á Kjalarnesi. Þar mætti samgönguráðherra ásamt Helgu Sigrúnu og Árna Johnsen úr samgöngunefnd Alþingis ásamt Svandísi Svavarsdóttur borgarfulltrúa. Á fundinum kom skýrt fram sá einhugur íbúanna um að strax verði farið í úrbætur í umferðaröryggismálum. Við samamburð á slysatíðni og umferðarþunga kom í ljós að ef brýnt þykir að fara í framkvæmdir við Suðurlandsveg þá ætti fyrir löngu að vera búið að tvöfalda Vesturlandsveg á Kjalarnesi.

ELDRI BORGARAR



Mosfellsbær er bakhjarl tveggja nýsköpunarsetra sem opna í Völuteigi

Sprotahús og frumkvöðlasetur

Mosfellsbær, IMPRA og forsvarsmenn tveggja nýsköpunarsetra hafa undirritað samstarfssamning. Mosfellsbær vonast til að verkefnið verði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í Mosfellsbæ og nærsvæitum.

Um er að ræða tvö aðskilin nýsköpunarverkefni, V6 Sprotahús og Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar sem rekið verður í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð. Setrin verða staðsett undir sama þaki, á Völuteig 6, í nýuppgerðu atvinnuhúsnæði sem hefur verið innréttað sérstaklega með tilliti til þeirrar starfsemi sem þar mun fara fram.

Kraftmikil nýsköpun

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri segir: „Mosfellsbær leggur þessum verkefnum lið með stolti enda vonumst við til að V6 Sprotahús og Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar verði aðeins upphafið að bylgju öflugrar og kraftmikillar nýsköpunar í sveitarfélaginu. Við höfum mikla trú á þeim sem að verkefninu standa og væntum þess að Mosfellingar fái þarna vettvang til þess að virkja þann kraft sem í þeim býr með þeim stuðningi sem nauðsynlegur er til þess að ýta atvinnuskapandi verkefnum úr vör.“

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar og formaður þróunar- og ferðamálanefndar segist binda miklar vonir við starfsemina. „Nýsköpunarsetrin tvö hafa allt til brunns að bera til þess að skapa þarfan vettvang fyrir kraftmikla og hugmyndaríka Mosfellinga. Það er aldrei að vita nema verkefni sem hér verða til eigi eftir að auðga atvinnulíf í Mosfellsbæ til framtíðar



Birgir Grímsson forsvarsaður V6 Sprotahúss, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Elín Reynisdóttir stofnandi Frumkvöðlaseturs Mosfellsbæjar, Karl Friðriksson framkvæmdastjóri NMÍ og Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

og stuðla að enn frekari uppbyggingu og nýbreytni.“

Hugmyndir að veruleika

Birgir Grímsson, forsvarsaður V6 Sprotahúss segir: „V6 Sprotahús er, að því að við best vitum, fyrsta sjálfstæða og einkarekna sprota-setrið á Ísland, með þessu ákveðna sniði. Helsti styrkleiki V6 er að innan veggja Sprotahússins er að finna allt sem þarf til að gera hugmynd að veruleika og vel reknu fyrirtæki sem reka má á skynsamlegan og skapandi hátt. Auk þess sem frumkvöðlum verður boðin aðstaða og þjónusta í V6 Sprotahúsi, er ætlunin að bjóða aðstöðu fyrir hönnuði, sprotafyrirtæki og annað athafnafólk. Í boði er leiga á borði og aðstöðu og möguleika til að stunda rekstur með ráðgjöf við hendina og tækifæri til tengslamyndunar í dýnamísku umhverfi,“ segir Birgir.

Úrræði fyrir atvinnulausa

Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar verður rekið í samvinnu við Impru á Nýsköpunarmiðstöð undir sama þaki og V6 Sprotahús. „Á Frumkvöðlasetri verður sjónum einkum beint að úrræðum fyrir atvinnulausa og stuðningi við viðskiptahugmyndir þeirra í samræmi við markmið frumkvöðlasetra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands,“ segir Elín Reynisdóttir, stofnandi Frumkvöðlaseturs Mosfellsbæjar.

V6 Sprotahús stefnir jafnframt að því að setja á fót í húsnæðinu verkstæði þar sem hægt verður að framleiða sýnishorn af hvers kyns vörum, m.a. listmuni, minjagripum og margs konar hönnunarvörum til kynningar í tengslum við stofnun fyrirtækis. Einnig verður í boði stór salur sem mun bjóða upp á töluverð tækifæri eins og sýningar, veisluhöld, ráðstefnur o.fl.



Söngvaseiður - Sound og music

Ferð verður á vegum félagsstarfsins á þennan söngleik í Borgarleikhúsinu þann 4. júní og lagt af stað frá Hlaðhömrum kl. 19.30. Miðasala byrjar strax eftir páska á skrifstofu félagsstarfsins kl. 13-16. Ath: Hægt er að nota gjafakort frá Borgarleikhúsinu.

Föndurferð!

Þann 21. apríl verður ferð í Kópavog. Farið verður í föndurverslun og einnig skoðaðir listmunir í Listgler og að lokum enda á góðum kaffistað.

Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 13, skráning í síma 5868014 kl. 13-16.

Leikfimin byrjar aftur 20. apríl kl. 14.10.

Örfá sæti eru eftir í ferðina að Kárahnjúkum 19. júní, uppl. á skrifstofu félagsstarfsins sími 5868014.

Handverksstofan á Hlaðhömrum er opin kl. 13-16 alla virka daga nema þegar farið er í ferðir.



100 ÁRA AFMÆLI AFTURELDINGAR

Hátíðardagskrá

11. apríl

100 ára afmælidagur Aftureldingar
Hátíðaraðalstjórnarfundur
Bæjartjórnarfundarsalurinn 2. hæð í
Kjarna – opinn fundur hefst kl. 11

22. apríl, síðasti vetrardagur

Hlégarður
Hátíðarkvöldverður
og dansleikur –
öllum opinn meðan
húsrúm leyfir.
Miðasala hefst 15. apríl.



23. apríl, sumardagurinn fyrsti

Bæjartorgið við Kjarna
Kl: 13 Afmælisskrúðganga frá Lágafelli
að Varmá í umsjón Skátafélagsins
Mosverja

Varmá

Kl. 11:00-16:30 Íþróttahátíð með
hraðmótum, sýningum, Skrípa-
leikum, tívoli og fleira.
Sögusýning opnuð

Hlégarður

Kl. 16:30-18:00 Hátíðarkaffi fyrir

boðsgesti og aðra
bæjarbúa meðan
húsrúm leyfir

Varmá

Kl. 20-22
Unglingaball með Ingó
og Veðurguðunum

**Tökum þátt í 100 ára
hátíðarhöldum
fyrir alla fjölskylduna.
Áfram Afturelding**



522-2222

MEGASVIKA

TILBOD

16" PIZZA 1.290kr
með 3 áleggstegundum

Coca-Cola

2l Coke 250kr

Coca-Cola


Besti vinur
bragðlaukanna

ekta ostur, eldbakstur & ástriða

ELD HÚSIÐ
Pizzabakari

522-2222 URÐARHOLT 2 270 MOSFELLSBÆ

ELDHUSID.IS



Vilja loka skot-svæði í Álfsnesi

Íbúasamtök Kjalarness krefjast þess að skotsvæðið í Álfsnesi verði lokað hið fyrsta. Íbúasamtökin hafa gefið frá sér ályktun þess efnis vegna fjölda kvartanna íbúa í nágrenni skotsvæðisins. Ástæðurnar eru sagðar margar og má þar nefna að hávaði trufli íbúa í allt að 5 km fjarlægð, einstaka íbúar hafa nú þegar flutt vegna vanda málsins en hávaðinn er um helgar og á kvöldin. Einnig eru umgengnisreglur brotnar ítrekað og skotið utan opnunartíma og hávaðinn illþolanlegur. Íbúasamtökin óar við þessari starfsemi svo nálægt byggð og fjölförnu útivistarsvæði.

Nýr formaður Samfylkingarinnar

Á aðalfundi Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ sem haldinn var 19. mars var kjörin ný stjórn félagsins. Nýr formaður



er Guðbjörn Sigvaldason og aðrir í stjórn eru Erna Björg Baldursdóttir, Gerður Pálsdóttir, Ólafur Guðmundsson og Rafn Hafberg Guðlaugsson. Varamenn eru Anna Sigríður Guðnadóttir, Douglas Brotchie og Margrét Gróa Björnsdóttir.

Fleiri verða ráðnir í vinnu hjá Mosfellsbæ en áður

Átak í atvinnumálum

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að efna til átaks í atvinnumálum og að fleiri verði ráðnir í vinnu hjá Mosfellsbæ á næstu mánuðum en áður hefur verið gert. Þetta er til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir störfum í bæjarfélaginu.

Um er að ræða þrjú þættar aðgerðir. Í fyrsta lagi verður ráðist í sérstakt átaksverkefni fyrir fólk í atvinnuleit í samstarfi við Vinnumálastofnun. Stefnt er að því að ráða um 25 manns í fullt starf í 3-6 mánuði hjá Mosfellsbæ. Um er að ræða verkefni sem heyrna undir Samvinnu, sérstakt vinnumarkaðsúræði á veg-

um Vinnumálastofnunar sem hrint hefur verið af stað með þátttöku fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana og fjálsra félagsamtaka.

Í öðru lagi er um að ræða Vinnuskóla Mosfellsbæjar þar sem leitast verður við að veita öllum unglingum á aldrinum 14-16 ára, sem sækja um sumarstörf, vinnu. Gera má ráð fyrir mikilli eftirspurn eftir þessum störfum en alls eru um 400 ungmenni á þessum aldri í Mosfellsbæ.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir því að ráða að minnsta kosti 55 manns, 17 ára og eldri í sumarstörf hjá Mosfellsbæ.



„Við lítum á það sem skyldu sveitarfélagsins að reyna að komið til móts við það ástand sem skapast hefur á atvinnumarkaði með þeim hætti sem sveitarfélaginu er unnt, einkum gagnvart unga fólkinu í bæn-um,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.



Góður árangur í keppni á milli skóla Stærðfræðingar

Þriðjudaginn 17. mars fóru 19 nemendur úr 8., 9. og 10. bekk Varmárskóla í stærðfræðikeppni á milli grunnskóla og voru úrslit kunngjörð nú fyrir skömmu. Í ljós kom að í 10. bekk lenti Sigurðu Kári Árnason í 1. sæti, í 2. sæti Unnar Freyr Erlendsson, 3. sæti María Gyða Pétursdóttir, 4. sæti Úlfur Bragi Einarsson og í 6.-10. sæti þeir Andri Orrason og Guðgeir Búi Kristjánsson. Í 9. bekk lenti Daníel Freyr Árnason í 6.-10. sæti og í 8. bekk í 4. sæti Hrönn Kjartansdóttir og í 6.-10. sæti Guðmundur Garðar Árnason, Signý Björg Valgarðsdóttir og Silja Rasmussen.

Frábær árangur hjá þessum ungu stærðfræðingum en keppnin fór fram í Borgarholtskóla.



Nemendur úr Varmárskóla í Svíþjóð Nordplus junior

Jóna Dís Bragadóttir nýbúakennari og Guðlaug Guðsteinsdóttir íslenskukennari fóru til Malmö í Svíþjóð þann 22. mars með átta nemendur úr 10. bekk Varmárskóla. Þessi ferð er hluti af Nordplus junior verkefni sem er samstarf Svíþjóðar, Íslands, Lettlands og Litháen en hver heimsókn stendur í sex daga. Krakkarnir gista í heimahúsum og kynnast því hvernig þjóðirnar búa. Verkefnið gengur út á það að kynnast því sem maður þekkir ekki. Í þessari ferð fengu krakkarnir að kynnast þjóðsögum landanna. Þeir nemendur sem fóru í ferðina voru Elías Baldursson, Úlfur Bragi Einarsson, Þráinn Ingólfsson, Franz Jónas Arnarson, Erla Sigríður Sigurðardóttir, Anna Jóna Helgadóttir, Helga Björk Kristinsdóttir, Natalie Hamzhepour.



BINGÓ BINGÓ

SUNNUDAGINN 19. APRÍL KL. 16

Viljinn, ungir sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ, standa fyrir bingói sunnudaginn 19. apríl. **Bingóið hefst klukkan 16 og er haldið í Golfskála Kjalar.** Ragnheiður Ríkharðsdóttir verður bingóstjóri. Spjaldið kostar 250 kr. og 5 spjöld eru á 1000 kr. **Veglegir vinningar í boði**
Allir velkomnir, ungir sem aldnir





Bilið brúað. Jónhanna B. Hansen bæjarverkfræðingur, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Davíð B. Sigurðsson starfsmaður Eignasjóðs víga brúna formlega. Á bak við má sjá fulltrúa Límtrés.

Brú yfir Leirvogsa formlega tekin í notkun

Leirvogstunguhverfi tengist við miðbæinn

Á föstudag var vígð ný gönguleið og brú milli Leirvogstungu og Varmárskóla. Lagður hefur verið malarstígur og hann lýstur upp auk þess sem brú hefur verið smíðuð yfir Köldukvísl. Þar með er komin skemmtileg leið milli Leirvogstunguhverfis og Varmárvæðisins, um svæðið sem hýsa mun væntanlegan Ævintýragarð. „Ég er stolt af því að nú sé lokið fyrsta áfanganum í því verkefni að tengja hið nýja Leirvogstunguhverfi við miðsvæði Mosfellsbæjar,“ segir Jónhanna B. Hansen, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar. Að verkinu komu fyrirtækin Loftorka, Límtré og Vélaleiga Guðjóns Haraldssonar.

Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar

Frumkvöðlasetrið er stofnað í samstarfi við Mosfellsbæ og Impru á Nýsköpunarmiðstöð og verður starfrækt að Völuteigi 6 í Mosfellsbæ

Ert þú með góða viðskiptahugmynd?

Markmið setursins er að skapa frumkvöðlum í Mosfellsbæ þekkingar-umhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim handleiðslu og stuðning við framgang hugmynda sinna.

Auglýst er eftir frumkvöðlum með góðar viðskiptahugmyndir. Þeir sem misst hafa vinnu eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Í boði er handleiðsla og stuðningur og skrifstofu- og vinnuaðstaða í skapandi starfsumhverfi

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá Elínu Reynisdóttur í síma 865 0408 og á tölvupósti nomad@internet.is



MOSFELLSBÆR



Nýsköpunarmiðstöð Íslands

FMS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ auglýsir eftir framhaldsskólakennurum

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ auglýsir eftir framhaldsskólakennurum í eftirfarandi stöður:

Íslenska – heil staða

Enska – heil staða

Stærðfræði – hálf staða

Danska – hálf staða

Félagsgreinar – hálf staða

Raungreinar – hálf staða

Íþróttir – hálf staða

Laun greiðast samkvæmt stofnanasamningi skólans.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði þar sem í boði eru stúdentsbrautir, styttri starfsnámsbrautir og almenn námsbraut. Helstu áherslupunktur í kennsluháttum skólans eru fjölbreyttar verkefna miðaðar kennsluáðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat.

Umsækjendur þurfa að hafa háskólamenntun í viðkomandi grein og kennsluréttindi á framhaldsskólástigi. Leit að er að kennurum sem hafa frumkvæði, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og hafa áhuga á að taka þátt í þróunarstarfi í kennsluháttum og uppbyggingu náms í samræmi við ný lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008).

Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst 2009. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn skólans sitji námskeið áður en skólastarf hefst þar sem hugmyndafræði skólans verður rædd ítarlega og nýir kennsluhættir og vinnubrögð þjálfuð. Námskeiðin verða haldin 8. – 10. júní og 12. – 14. ágúst í Mosfellsbæ.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara í netfangið gudbjorg@fmos.is eða Jóni Eggerti Bragasyni aðstoðarskólameistara í netfangið joneggert@fmos.is. Einnig er hægt að senda umsóknir í pósti: Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 24. apríl 2009. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublaðum. Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir skólameistari í netfanginu gudbjorg@fmos.is eða í síma 864-9729 og aðstoðarskólameistari í netfangið joneggert@fmos.is eða í síma 891-7384. Á vef skólans: www.fmos.is má einnig finna ýmsar upplýsingar um skólann.

Skólameistari

Úrsúla Jünemann er fædd og uppalin í Þýskalandi. Árið 1979 skellti hún sér í bakpokaferðalag til Íslands en sú ferð átti eftir að verða afdrifarík því þá kynntist hún eiginmanni sínum til þrjátíu ára.

Fá svæði í heiminum eiga sér jafn magnaða og auðuga sögu og hinn goðsagnakenndi Rínardalur í Þýskalandi. Þar fæddist Úrsúla Jünemann 28. desember 1950 á uppbyggingartímanum eftir stríð. Náttúran og dýrin hafa alltaf átt hug hennar og hjarta enda alin upp stóran hluta æsku sinnar út í skógi. Ísland hefur lengi verið hennar draumaland einfaldlega fyrir sína stórbrötnu náttúrufrægur og hreinleika.

„Afi minn var skógarvörður og bjó í húsi allveg lengst inni í skógi. Í sumarfríunum máttum við systkinin dvelja þar og við lærðum að þekkja og virða náttúruna hjá honum,“ segir Úrsúla er ég spyr hana út í uppvahtarárin hennar í Þýskalandi. Foreldrar mínar þau Bernward og Gertrud Jünemann ræktuðu mikið af grænmeti og ávöxtum enda átti fjölskyldan ekki mikið til að spila úr. Þannig lærði ég að vera sparsöm og nýtin sem kemur sér vel í dag. Við áttum alltaf mikið af heimilisdýrum og Helmut bróðir, ég og Angelika systir bárum ábyrgð á þeim. Ég held að það sé hollt fyrir börn að alast upp með dýrum og læra að virða þau því þau eru ekki leikföng,“ segir Úrsúla og tekur upp köttinn sinn hann Dabba og knúsar hann.


Stundaði hestamennsku í æsku

„Í æsku stundaði ég hestamennsku af miklum móði þó svo ég hefði aldrei átt hest sjálf. Á unglingsárum mínum prófaði ég líka hinar ýmsu íþróttir en mér líkaði alltaf best að vera í víðavangshlaupi og blaki. Þegar ég var upp á mitt besta spilaði ég í fyrstu deild í Þýskalandi.

Fimmtán ára lauk ég gagnfræðaskólanámi og komst mjög ung inn í framhaldsskóla sem var sniðinn fyrir sérgreinakennara. Þar stundaði ég nám í fjögur ár og útskrifaðist sem myndmennta- og íþróttakennari.“

Örlagarík ferð

„Mér líkaði oft ekki þessi mikli hiti í Rínardalnum svo að í sumarfríunum lágu leiðir mínar alltaf til norðurs,“ segir Úrsúla. „Árið 1978 bókaði ég mig í tveggja vikna hópferð til Íslands. Ég heillaðist strax af landi



Fjölskyldan í Reykjavíkumaraþoninu árið 1993. Guðjón, Úrsúla, Páll og Jens.



Heillaðist af landi og þjóð

og þjóð og var ákveðin í að koma aftur. Ári seinna kom ég aftur og þá ein, ég ákvað að vera í sex vikur og meðferðis hafði ég bakpoka og tjald. Ég fór í skipulagðar fjallgöngur á meðan á dvöl minni stóð og í einni ferðinni kynntist ég Guðjóni Jensyni og við urðum góðir félagar.“

Flutti til Íslands

„Kynni okkar Guðjóns þróuðust vel og ég ákvað að flytja til Íslands fyrir fullt og allt árið 1980. Við giftum okkur tveimur árum seinna og eignuðumst tvo syni þá Jens Bernward fæddan 1983 og Pál Helmut fæddan 1986. Jens er núna í mastersnámi í verkfræði í Þýskalandi og Páll er rafvirkur. Guðjón er bókasafnsfræðingur. Við fluttum í Mosfellsbæinn árið 1983 og höfum búið hér allar gótur síðan.“

Vann ýmis verkamannastörf

„Fyrst þegar ég kom til landsins vann ég ýmis verkamannastörf enda ekki úr miklu að velja þegar tungu-

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

málakunnáttan er lítil. Ég fékk starf á leikskólanum Hlíð og börnin voru dugleg að kenna mér íslensku. Seinna fékk ég tækifæri til að kenna þýsku sem stundakennari í Varmárskóla en frá árinu 1992 hef ég unnið þar í fullu starfi sem myndmenntakennari.“

Spilaði með landsliðinu

„Ég leitaði mér félagsskapar í blaki og byrjaði að spila með Íþróttafélagi Stúdenta. Þetta var besta kvennaliðið á þeim tíma og við unnum marga titla. Eftir að ég var orðin íslenskur ríkisborgari þá fékk ég að spila með landsliðinu og þá var gaman að vera til,“ segir Úrsúla hlæjandi. „Í dag er ég starfandi þjálfari hjá blakdeild UMFA og þjálfar þar bæði konur og börn.“

„Á sumrin byrjaði ég að hlaupa hér um götur og fékk svo mikið út úr því að það endaði með því að ég þjálfaði mig upp í heilt maraþonhlaup. Ég hef tvisvar tekið þátt í Laugavegshlaupinu og eru það skemmtileg-



ustu og eftirminnilegustu hlaupin mín. Ég hef því miður þurft að leggja skóna á hilluna vegna slitgigtar sem er ættgeng í minni fjölskyldu en ég bjarga mér frá hreyfingarleysinu með því að hjóla, fara í sund og stunda gönguferðir því mér leiðast líkamsræktarstöðvar.“

Leiðsögumaður á sumrin

„Ég skellti mér í Leiðsöguskólann og kláraði hann árið 1986 og hef unnið sem leiðsögumaður á sumrin. Í mörg ár leiddi ég ferðamenn yfir Arnarvatnsheiðina. Þessar bakpokagönguferðir áttu sérlega vel við mig enda líður mér hvergi betur en úti í náttúrunni.

Fjölskylda mín hefur alltaf tamið sér vistvænan lífstíl. Við reynum til dæmis að nota bílinn sem minnst og notum strætó eða reiðhjól í staðinn. Reyndar áttum við ekki bíl fyrr en við keyptum okkur sumarbústaðarland við Skorradalsvatn árið 2002, en þangað fórum við eins oft og við getum.“

Spennandi tímar framundan

„Nú er ég búin að fá árs leyfi frá vinnu, ég ætla í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og ætla að stunda þar nám á umhverfis- og náttúrufræðibraut. Varmárskóli byrjaði s.l. haust að taka þátt í þróunarvinnu um sjálfbæra þróun í skólanum og við vinnum í auknum mæli með úti-kennslu. Ég vona að með þessu námi geti ég hjálpað til við að efla þessa vinnu á faglegan hátt,“ segir Úrsúla full tilhlökkunar.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

BOLTINN Í BEINNI KALDUR Á KEFANA & ELDHEITAR LUMMUR

**Besti vinur
bragðlaukanna**
ekta ostur, eldbakstur & ástríða

ELDHÚSIÐ
Pizzabakari

522-2222 URÐARHOLT 2 270 MOSFELLSBÆ

ELDHUSID.IS

ÚTLEIGA MATJURTARGARÐA Í MOSFELLSBÆ

Nú er búið að opna fyrir umsóknir um matjurtagarða í Mosfellsbæ.




Matjurtagarðarnir verða aðallega staðsettir í Skarhólamýri, á sama stað og garðar hafa verið til útleigu undanfarin ár. Þar verða í boði 36 nytjagarðar og möguleiki á að bæta við fleiri görðum til viðbótar ef ásókn er mikil. Staðsetningu garða og fyrirkomulag má sjá á meðfylgjandi yfirlitskorti.

MOSFELLSBÆR

Stærð garða er óbreytt frá fyrri árum, eða 100 fm hver garður.

Leiguverð er kr. 3.000 fyrir hvern garð.

Þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2, annast eins og áður móttöku umsókna og tekur við greiðslu fyrir þá. Gert er ráð fyrir að garðar verði afhentir um 20. maí en það er háð því að frost sé farið úr jörðu og búið sé að plægja garðana. Ef ásókn verður meiri en svæðið í Skarhólamýri leyfir, þá er mögulegt að bæta við matjurtagarðum í tengslum við skólagarða Mosfellsbæjar austan Varmárskóla.



MOSFELLINGUR

Næsta blað kemur út:

Miðvikudaginn 22. apríl

(skilafrestur efnis 18. apríl)

mosfellingur@mosfellingur.is



Hægt er að skoða Mosfelling á internetinu

www.mosfellingur.is



Íslandsmeistari á 5. þrepi í fimleikum

Andrea Rún Þorvaldsdóttir, 9 ára nemandi í Lágafellsskóla varð á dögunum Íslandsmeistari í fimleikum. Sextán stigahæstu keppendurnir af landinu öðlast þátttökurétt í 5. þrepi fimleikastigans. Andrea Rún æfir með fimleikadeild Ármanns. Þarna er greinileg ungur og efnilegur Mosfelllingur á ferð.



Aska í Öskju í Listasalnum

Sýningin Aska í Öskju, sem er á vegum Leirlistarfélags Íslands, var opnuð 21. mars í Listasal Mosfellsbæjar. Á sýningunni er hægt að sjá ýmskonar duftker sem eru bæði ætluð fyrir menn og dýr. Það er greinilega mikill áhugi hjá fólki um málefnið og á leirlist yfirhöfuð því fullt var út úr dyrum á opnuninni. Sýningin stendur til 18. apríl.

Listasalur Mosfellsbæjar er opinn á afgreiðslutíma Bókasafns Mosfellsbæjar, alla virka daga frá kl. 12 -19 og laugardaga frá kl. 12 -15. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Knattspyrnumót á föstudaginn langa

Knattspyrnudeild Aftureldingar efnir til hraðmóts á gervigrasvöllinum að Varmá föstudaginn 10. apríl. Leikmenn meistaraflokks, foreldrar, þjálfarar, vinir og vandamenn o.fl. verða settir í einn pott og dregið verður í lið. Skemmtileg tilbreyting og fyrirkomulag þar sem allir eru velkomnir. Mótsgjald er 1000 kr. og fer mótið fram kl. 12-15. Fimm manns verða í hverju liði.



Heiðurshjónin Birgir og Jórunn taka við viðurkeningunni úr höndum Þorkels Jólssonar.

Birgir og Jórunn gerð að heiðursfélögum

Afmælistónleikar Skólahljómsveitarinnar

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar fagnaði 45 ára afmæli sínu með stórtónleikum í íþróttahúsinu að Varmá þann 4. apríl. Við það tækifæri voru þau heiðurshjón Birgir D. Sveinsson og Jórunn Árnadóttir gerð að fyrstu heiðursfélögum skólahljómsveitarinnar. Birgir stofnaði Skólahljómsveit Mosfellsbæjar fyrir 45 árum og stjórnaði henni fyrstu 40 árin. Birgir varð sjötugur þessa sömu helgi og var því tvöföld veisla hjá honum í þetta skiptið.

Tónleikarnir þóttu hinir glæsilegustu en auk hljómsveitarinnar komu fram einsöngvarar auk kóra úr Mosfellsbæ en stjórnandi sveitarinnar er Daði Þór Einarsson.



Myndir/Ólína

Diddú söng Thank you for the Music og tileinkaði Birgi D. Sveinssyni frá foreldrum sem hafa átt börn í lúðrasveitinni og fengið að njóta krafta Birgis í einu og öllu.



Skólahljómsveit Mosfellsbæjar auk tíu kóra úr Mosfellsbæ sem sungu þrjú lög.



Daði Þór með góða stjórn á sveitinni.



María Ólafsdóttir og Jón Magnús Jónsson

LÖGREGLUFRETTIR

Fréttir úr dagbók lögreglunnar



Vorið er komið

Brátt sér fyrir endann á þessum vetri. Stutt er í páska og vonandi sólríkt sumar. Það kann að hljóma undarlega en árekstrum fjölgar gjarnan þegar vora tekur. Kemur þar margt til. Ökumenn hafa gjarnan hamið bensínfóttinn yfir veturinn vegna aðstæðna en auka hraðann þegar veður batnar auk þess sem sól blindar ökumenn frekar að vorlagi. Þá kann það að vera að menn gleymi sér frekar og verði uppteknari af útsýni og umhverfinu fyrstu sólardagana. Það eru ekki einungis akstursaðstæður sem breytast er vora tekur, heldur þarf að huga að dekkjabúnaði ökutækja-anna, skipta út nagladekkjum fyrir sumardekk.

Um það er m.a. fjallað á lögregluvefnum, www.logreglan.is: Í reglu-gerð um gerð og búnað ökutækja segir að nota megi neglda hjólbarða frá 1. nóvember til 15. apríl. Frá þessu má víkja ef akstursaðstæður gefa tilefni til. Veður geta verið válynd og snjór og ísing kann að vera á vegum utan fyrrgreinds tímabils. Ekki síst ef farið er um þjóðvegi landsins eða yfir heiðar.

Vorið hefur áhrif á allt mannlíf, ekki síst börn og ungmenni sem sjá nú fram á sumarfrí. Unglingarnir í 10. bekk útskifast úr grunnskólum og framundan er nám og störf með nýju fólki. Unglingarnir halda gjarnan upp á þessi tímamót og eru mörg dæmi um að áfengi sé haft um hönd við þau veisluhöld. Áfengi sem jafnvel er keypt af foreldrum og forráðamönnum eða eldri systkinum.

Það ætti að vera flestum kunnugt að það ekki einungis lögbrot heldur fásinna að kaupa áfengi fyrir börn. Það hlýtur að vera martröð hvers foreldris að upplífa það að barn þess hafi orðið fyrir slysi eða verið misboðið þar sem það var varnarsut vegna neyslu áfengis keyptu af foreldrinu. Auk þess eru þeir sem kaupa áfengi fyrir börn að viðurkenna og leggja blessun sína yfir vímuefnanotkun barnsins. Sýnum fyrirhyggju!

Einar Ásbjörnsson
aðalvarðstjóri





Hressir nemendur í íþróttavaláfangu í Lágó

Kepptu í þríþraut

Í 9. og 10. bekk Lágafellsskóla er hægt að velja um marga spennandi valáfangu en einn þeirra er íþróttaval þar sem nemendur fá að æfa í World Class einu sinni í viku með íþróttakennara. Hluti af námsmati er að nemendur taka þátt í þríþraut en þar þurfa nemendur að hlaupa þrjú km á 2,5 halla á hlaupbraut, hjóla fimm km og að lokum synda 400 m með frjálstri aðferð og var keppni um að ná sem skemmstum tíma. Alls voru það 23 nemendur sem tóku þátt og stóðu sig alveg frábærlega enda sérstaklega áhugasamur og skemmtilegur hópur. Sigurvegarar voru þeir Böðvar á tímanum 27,40 Finnbogi 28.49 Alfreð á 29.06 og fengu þeir að launum Pizzaveislu frá Hróa Hetti.




Silfurdrengurinn Sigfús Sigurðsson veitti verðlaun

Handboltamót að Varmá

Það er óhætt að segja að það hafi verið líf og fjör að Varmá helgina 28.-29. mars þegar tæplega 300 drengir úr 5. fl. kk yngra ári áttust við. Keppt var í öllum söllum íþróttamiðstöðvarinnar sem var full af fólki, drengjum, þjálfurum og ekki síst foreldrum sem voru duglegir að mæta.

Mótið heppnaðist frábærlega, var vel skipulagt og undirbúið af Svövu Ýri, sem eins og venjulega vann sitt verk af stakri þryði. Á myndinni má sjá hana lengst til vinstri, handboltakappann Sigfús Sigurðsson auk annarra sem lögðu hönd á plóginn. Aftureldingardrengir unnu sína deild og fóru heim með gull að móti loknu eftir mikla útreikninga því að þrjú lið voru jöfn að stigum í lok mótsins.



Fisk- búðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

VERÐDÆMI:

**Réttur dagsins
alla daga 990 kr.**

ÝSA R/BL 1090 KR./KG.*

ÝSA M/ROÐI 890 KR./KG.*

ÝMSIR RÉTTIR 1190 KR./KG.*

*ATH. þetta er ekki tilboðsverð heldur fast verð.
Fiskbúðin Mos kom vel út í verðkönnun ASÍ

**PÁSKAHUMARINN
ER KOMINN**

**OPIÐ
MÁN-FÖS
KL. 10-19**





Afturelding hlaut bronsið í 1. deild

Afturelding lagði ÍR að velli, 31:25, í 1. deild karla í handknattleik þegar liðin mættust í lokaumferð deildarinnar að Varmá. Þar með tryggði Afturelding sér þriðja sætið og mætir Selfossi í fjögurra liða umspili um sæti í úrvalsdeild. Fyrsti leikur er gegn Selfossi á útivelli. Þau lið sem berjast um eitt laust sæti í úrvalsdeild eru Afturelding, Selfoss, ÍR og Stjarnan. Afturelding hefur verið á miklu skriði í síðustu leikjum og þarf á stuðningi að halda eigi hún að endurheimta sæti sitt í efstu deild.



Fjölgreindaleikar og þemadagar

Fjölgreindaleikar nemenda í 1.-7. bekk og þemadagar unglinga-deildar sem fram fóru í síðustu viku fyrir páskaeyfi heppnuðust afar vel og höfðu nemendur og starfsmenn gaman af. Mikil samvera, samvinna og samkennd einkenndi þessa daga þar sem allir unnu afar vel saman að hinum ýmsu ólíku og skemmtilegu verkefnum. Þessum skemmtilegu og óhefðbundnu dögum lauk svo með glæsilegri árshátíð unglinga-deildar skólans þar sem allir voru þrúðbúnir og til mikillar fyrirmyndar.



Inga María Backman er nemandi við Listaskólann

Lýkur burtfararprófi

Inga María Backman er að ljúka burtfararprófi í píanóleik frá Listaskóla Mosfellsbæjar en hún mun halda tónleika í Kjarna miðvikudaginn 15. apríl kl. 20. Inga María kemur úr Garðabæ og hefur stundað píanónám frá unga aldri og er nú nemandi Ólafs Elíassonar píanókennara við skólann.

Auk píanónámsins stundar Inga nám á öðru ári í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. Aðspurð um það hvort hún ætli að leggja fyrir sig

tónlistina eða verkfræðina segir hún: „Ætli aðaláherslan verði ekki á verkfræðina næstu árin og hef ég hug á því að komast inn í virtan háskóla í Bandaríkjunum. Það auðveldar nemendum inngöngu þegar þeir geta sýnt fram á kunnáttu á fleiri en einu sviði. Ég vona að sem flestir sjái sér fært að koma á tónleikana sem eru opnir öllum og án aðgangseyris“, segir Inga María og bætir við að sérstaklega góður andi ríki yfir starfi Listaskólans í Mosfellsbæ.

Karla Kórinn Stefnir
í Mosfellsbæ

Vortónleikar 2009

STJÓRNANDI
GUNNAR BEN

UNDIRLEIKARI
JUDITH ÞORBERGSSON

TÓNLEIKAR
Hlégarði laugardaginn 18. apríl kl 16:00
Grafarvogskirkju föstudaginn 24. apríl kl 19:30
Njarðvíurkirkju laugardaginn 25. apríl kl 16:00

[samveruhús]

[sköpunarhús]

[hugmyndahús]

[framleiðsluhús]

[mosfellingahús]

Við höfum opnað **V6** fyrir fólk með **mosfellskar hugmyndir**. Nú er tækifærið í að fá borð, stól, Internettengingu, kaffi og ráðgjöf án þess að þurfa að hætta að hugsa stórt!

Kíktu á www.v6.is, komdu við á **Völuteig 6** eða sendu okkur línu á v6@v6.is.

Við skoðum svo sameiginlega framtíðartækifærin.

[V6]sprotahús
www.v6.is

Vinna, velferð og samkeppnishæft atvinnulíf

Samfylkingin leggur höfuðáherslu á atvinnumál, varðstöðu um velferðarmál og efnahagslega endurreisn í aðdraganda kosninganna.

Brýnasta verkefnið er að greiða fyrir sköpun nýrra starfa. Fyrirtækin þurfa lána- fyrirgreiðslu svo þau geti veitt fleirum störf og við þurfum að losna sem fyrst úr gjaldreyrshöftum og skömmtunarkerfi. Háir vextir og veik króna standa þessu í vegi. Því er brýnt að sækja sem fyrst eftir kosningar um aðild að Evrópusambandinu og leita strax eftir samstarfi við ESB um aðgerðir til að auka



gjaldmiðilsstöðugleika, svo við þolum að aflétta gjaldreyrshömlum og koma viðskiptum við útlönd í eðlilegt horf. Slík samvinna myndi líka greiða mjög fyrir því að hér væri hægt að lækka vexti hratt.

Okkar bíður erfitt úrlausnarefni í efnahagsmálum. Við vitum öll að efnahagsstefna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á árunum 2003-2007 jók á efnahagsvanda í stað þess að draga úr honum. Innstæðulausar skattalækkanir, útlánaþensla til íbúðakaupa og agaleysi í ríkisfjár-

málum áttu stóran þátt í að skapa það efnahagslega ójafnvægi sem síðan leiddi til hruns.

Framundan eru erfiðar ákvarðanir. Taka þarf skipulega á rekstri hins opinbera og sýna þar ráðdeild í hvívetna, samhliða því sem við leitum leiða til að auka tekjur hins opinbera með sanngjörnum hætti. Við þurfum að verja sem kostur er framlög til velferðarmála og tryggja að niðurskurður í ríkisútgjöldum bitni ekki á þeim sem síst mega við áföllum.

Við þurfum að líka að blása til sóknar í atvinnumálum og styðja

við sprotafyrirtæki. Samfylkingin hefur lagt mikla vinnu í nýsköpunarverkefni á vettvangi ríkisstjórnarinnar síðustu tvö ár og stefnir að því að gera þar enn betur. Hitt verðum við að horfast í augu við að óstöðugur gjaldmiðill og hátt vaxtastig sem honum fylgir torveldar mjög möguleika sprotafyrirtækja að komast á legg hér á landi. Það er því forgangsmál að vísa veginn úr krónuhagkerfinu til að tryggja atvinnulífina samkeppnishæf rekstrarskilyrði.


Arnar Páll Arnason
höfundur skipar 1. sæti á lista
Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Íslandsmeistarinn og skólaskákmeistarinn

Nýverið átti ég leið framhjá Varmárskóla og eins og stundum vill verða helltust minningarnar yfir mig. Samferðamaður minn átti sér eflaust einkis ills von en þurfti að hlusta á missemmtilegar sögur frá æskuárunum og öllu sem þeim fylgdi. Eftir ágæta munnræpu áttaði ég mig á því að líklega hefði ég vel getað kallast tótmundartröll. Ég þurfti að vera alls staðar og mátti ekki missa af neinu. Ég var í kór, lúðrasveit, leiklist, skátunum og skák og prófaði allar mögulegar íþróttir, þó að áhuginn hafi oft verið meiri en hæfileikarnir. Það segir sína sögu að miðað við tótmundaræðið á ég afskaplega fáa verðlaunapeninga og gullpeningana get ég talið á fingrum annarrar handar. Á fimmtán ára fótboltaferli var stærsti titillinn sigur á Þejmótínu í Eyjum og líklega myndu fáir telja það til merkisafreka að hafa orðið Varmárvisionmeistari.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að sé skák til umræðu þá á ég það stundum til að monta mig af því að hafa orðið skólaskákmeistari Varmárskóla árið 1992. Ákveðið hafði verið að veita sérverðlaun í stúlkna-flokki en ég og stórvinkona mín, Auður Alfríða Ketilsdóttir, mættum bara tvær stúlkna til leiks. Drengirnir voru margfalt fleiri. Ég vann Fífu, en bætti svo um betur og með lagni og eflaust smá heppni sigraði ég allt mótið.

Eitthvað steig velgengnin mér til höfuðs því að í framhaldinu ákvað ég að skrá mig til þátttöku á Íslandsmeistaramóti kvenna í skák. Rostinn í mér lækkaði þó fljótt og þegar ég mætti sjálfum Íslandsmeistararum horfði ég feimin niður á taflborðið. Íslandsmeistari þessi tók skákinni með ró; lék einn leik og náði sér svo í kaffi. Fyrir vikið varð ég hin stress-



aðasta og tók langan tíma í að velta fyrir mér hvernig ég ætti að svara upphafsleiknum. Langur umþóttunartími minn gerði hins vegar fátt annað en að auka á kaffidrykkju Íslandsmeistarans, og ég tapaði skákinni, eins og reyndar öllum öðrum skákum á mótinu.

Það var því fremur lágt á mér risið á verðlaunaafhendingunni. Íslandsmeistarinn varði sinn titil og eftir að hafa tekið við hamingjuóskum vatt sjálf hetjan sér að mér og ræddi við mig um skáklitina. Á örskotsstundu tókst þessari viðkunnanlegu konu að hvetja barnið mig svo mjög áfram að ég gekk vígreið út, sannfærð um að einn daginn yrði ég Íslandsmeistari í skák, ef ég bara myndi æfa mig nóg.

Sá dagur er reyndar enn ekki upp runninn. En ég hélt áfram að telfa og hef alltaf verið þakklát Íslandsmeistararum þáverandi, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, fyrir þessa miklu hvatningu. Síðan þá hef ég haft tækifæri til að kynna henni persónulega og þó að hin barnslega lotning sem varð til á mótinu um árið hafi vikið þá hefur aðdáun mín á Guðfríði Lilju sannarlega ekki minnkað. Hún gengur til verks af heilum hug og sé einhver að láta deigan síga, eins og ég um árið, getur hún með sinni ríku hvatningu fengið hjólin til að snúast að nýju. Mosfellingar fá tækifæri þann 25. apríl nk. til að kjósa Guðfríði Lilju til starfa á Alþingi og geta verið stoltir af því að fá hana sem þingmann kjördæmisins.

Sjálf neyðist ég líklega til að fara að æfa mig í skák, ef ég ætla einhvern tímann að fá nýjan gullpening.

Halla Gunnarsdóttir

Má bjóða þér nýjar hugmyndir og nýjar lausnir?

Síðastliðið haust færðust öll viðmið samfélagsins úr stað. Það sem áður þótti sjálfsagt og eðlilegt er það ekki lengur og krafa um gagnsæi, sanngírni og heiðarleika hefur aldrei verið sterkari. Það á ekki síst við um stjórnmalamenn og -flokka. Enginn stjórnmalaflokkur hefur endurnýjað liðsafla sinn með eins afgerandi hætti og Framsókn sem nú býður fram vaska sveit og vel skipaða sem er staðráðin í að ná árangri og vinna vel fyrir fólkið í landinu. Sú nýliðun sem stjórnmalaflokkarnir hafa farið í að undanförmu varð, þegar á heildina er litíð, ekki eins afgerandi og við hafði verið búist. Sumir bjóða að megninu til sama fólkið með sömu hugmyndirnar og sömu stefnuna og áður.

Stefna framsóknarmanna fyrir komandi kosningar er skýr. Hún miðar að róttækum aðgerðum með leiðréttingu upp á 20% af skuldum fyrir öll heimili og fyrirtæki í landinu til að létta af þeim þyngslum sem hlaðist hafa upp undanfarið. Þannig er langflestum gert kleift að halda sínu striki þó einhverjir þurfi viðbótaraðstoð. Þessi aðgerð er hreinleg, gagnsæg og skýr og ekki þarf að verja löngum tíma og mikilli vinnu í mat á hverju einasta láni í landinu. Í þessu samhengi er tíminn peningar og hver einasti dagur sem líður án aðgerða kostar hvert heimili í landinu mikla peninga. Í flestum tilvikum eru það peningar sem ekki eru til. Þessi aðgerð kemur þannig í veg fyrir að þeir sem fóru varlega, tapi sínu eigin fé, ef til hruns á fasteignamarkaði kemur. Hún er til þess fallin að létta byrðar allra, líka þeirra sem með aðgætni og skynsemi steyptu sér ekki í skuldafen eða völdu að eignast sitt húsnæði hraðar en aðstæður á markaði buðu upp á. Hvers vegna ættu þeir líka að bera þyngri byrðar en aðrir?



Ágæti kjósandi

Þessi tillaga okkar framsóknarmanna um fyrstu skref í átt að leiðréttingu skuldaklafa fyrir fólkið í landinu er ein af 18 tillögum sem lagðar voru fyrir ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Sú ríkisstjórn hefur tekið sér lengri tíma en vonir stóðu til við að leysa efnahagsvandann og hefur ekki skilað jafn drjúgu dagsverki og loforð gáfu til kynna. Stefna þeirra í málefnum fjölskyldnanna miðast við sérmeðferð fyrir hvern og einn sem tekur óratíma að vinna og getur kostað drjúgan skildinginn í tapi sem eykst með degi hverjum í aðgerðarleysi. Stefna þeirra virðist líka vera sú að leggja misþungar byrðar á fólkið í landinu með tilheyrandi óréttlæti og mismunum sem bitnar harðast á þeim sem fóru varlega og skynsamlega í skuldsetningu eða hafa með harðfylgi og dugnaði komið ár sinni fyrir borð.

Ég skora á þig að meta vandlega fyrir komandi kosningar hvaða stjórnmalaflokkur er líklegastur til að ná árangri fyrir fólkið í landinu á næsta kjörtímabili. eru það flokkarnir sem bjóða upp á sama fólkið með sömu hugmyndirnar eða er það flokkurinn sem lengst gekk í nýliðun og hefur nú þegar lagt fram sanngjarnar tillögur sem taka mið af jafnræði, gagnsæi og árangri fyrir samfélagið í heild sinni?

Helga Sigrún Harðardóttir,
alþingismaður



Næsta blað kemur út:

Miðvikudaginn 22. apríl
(skilafrestur efnis 18. apríl)

Menningarvör í Mosfellsbæ

Í tilefni menningarvörs í Mosfellsbæ stendur Mosfellsbær í samvinnu við mosfellska listamenn fyrir viðburðum til að efla mannlífið á erfiðum tímum.

Mosfellskir listamenn leggja fram vinnu sína, starfsfólk Mosfellsbæjar vinnur að undirbúningi og Menningarvið Mosfellsbæjar kynnrir og auglýsir viðburðina.

Menningarvör verður haldið þrjá þriðjuga í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasal Mosfellsbæjar.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Heitt á könnunni.

Komum og upplifum saman menningarvör í Mosfellsbæ – og styðjum hvert annað með því að njóta þess besta sem bærinn hefur upp á að bjóða.

- Þriðjudagskvöldið 28. apríl kl. 20.-21.30**
 Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndagerðarkona og bæjarlistamaður, fumsýnir heimildamynd sína "Forystufé" og spjallar við gesti. Sigurður I. Snorrason klarinettuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Valdís Þorkelsdóttir trompetleikari, Þorkell Jólsson hornleikari og Sigurður Þorbergsson básúnuleikari flytja léttu tónlist.
- Þriðjudagskvöldið 12. maí kl. 20-21.30**
 Jón Kalman Stefánsson rithöfundur spjallar við gesti um verk sín og fleira. Kristjana Helgadóttir flautuleikari og Hrönn Helgadóttir píanóleikari flytja léttu tónlist.
- Þriðjudagskvöldið 26. maí kl. 20.-21.30**
 Leikfélag Mosfellsveitar slær á léttu strengi. Gréta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og Óskar Einarsson píanóleikari flytja léttu tónlist.



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

PIZZUR

	9"	12"	15"	18"	
MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku	1450	2020	2650	3470
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maískorni	1450	2020	2650	3470
GRÆNMETSPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650	3470
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
HVÍTLAUKSBRAUÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksoliu	970	1390	1680	1990

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

	9"	12"	15"	18"
Grunnverð á pizzu:	970	1390	1680	1990
Verð á hvert álegg:	190	290	420	510

SÍMI: 55 44444

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.

30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR 1200/1490 Kr.
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu

31. BARBEQUE BORGARI 1310 Kr.
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu

33. BEIKON BORGARI 1420 kr.
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu



Fyrir mig og barnabörnin mín

Við erum öll sammála um að brýnustu verkefni okkar nú séu að koma bankakerfinu á fætur, atvinnulifinu í gang og heimilunum til bjargar. En hverjar eru leiðirnar?

Skilvirkt bankakerfi er forsendan og því verður að ljúka við endurskipulagningu fjármálakerfisins hið fyrsta, breyta gildandi peningastefnu og afnema höft á gjaldeyrisviðskipti.

Athafna- og einstaklingsfrelsi er forsenda öflugs atvinnulífs og við sjálfstæðismenn höfnum öllum nýjum sköttum á atvinnulíf og einstaklinga því við teljum að þeir muni draga þrótt úr fólki og fyrirtækjum. Við höfnum einnig miðstýringu og ríkisvæðingu vinstri manna því hún grefur undan athafnafrelsi þjóðarinnar og þar með hagsæld hennar. Stærsta hagsmunamál íslensks atvinnulífs er skilvirkt bankakerfi.

Það er rík hefð fyrir því á Íslandi að fjölskyldur fjárfesti í sínu eigin húsnæði og nú á þessum erfiðu tímum verður að grípa til róttækra aðgerða til að koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur missi heimili sín vegna tímabundinna fjárhagserfiðleika. Við sjálfstæðismenn leggjum til að íbúðareigendur geti lækkað greiðslubyrði sína um allt að helming í þrjú ár og framleingt láns-tímamann á móti. Jafnframt þessu verði hugað að höfuðstólslækkun lána til að mæta þeim forsendubresti sem orðið hefur í hagkerfinu. Til þessa þurfum við skilvirkt bankakerfi.

Í kosningunum 25. apríl verður kosið á milli hugmyndafræði hægri manna og vinstri.

• Hugmyndafræði hægri manna er fólgin í því m.a. að athafna- og einstaklingsfrelsi sé forsenda öflugs atvinnulífs sem aftur er frumforsenda þess að hægt sé að verja heimilin og grunnstöðir velferðar- og menntakerfisins.

• Hugmyndafræði vinstri manna er fólgin í því m.a. að miðstýring og ríkisvæðing verði ríkjandi skipan, afskiptum hins opinbera á öllum svið-



um, hækkun ríkisútgjalda og skatta til að hægt sé að verja velferðar- og menntakerfið.

Þessar tvær leiðir eru skýrar og kjósendur munu nú þurfa að velja fyrir sér hvora leiðina þeir telja vænlegri út úr þeim vanda sem við blasir. Ég vel leið hægri manna fyrir mig og barnabörnin mín.

Á umbrotatímum felast tækifæri til að breyta vinnubrögðum og viðhorfum okkar til ýmissa þátta í samfélaginu, viðhorfum okkar til auðs og valds, til samkenndar og samstöðu, viðhorfum til velferðarsamfélagsins, til gegnsæis í ákvarðanatökum og upplýsingamiðlunar.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem við stöndum frammi fyrir verðum við að vera sammála um að auka gegnsæi í viðskiptum almennt og efla siðvitið á þeim vettvangi. Það þarf að binda í lög að hvers konar krosseignatengsl fyrirtækja jafnt sem fjölmiðla verði óheimil og í stað þess komi skilyrði um dreifða eignaraðild. Hluta efnahagshrunsins má rekja til þess að siðferðið brást á hinum frjálssa markaði þar sem eignatilfærsla á grundvelli forréttinda og samþjöppun auðs fór hamförum. Við verðum að gæta þess að óheft frelsi til athafna, gróðrahbyggja og skeytingarleysi um velferð samfélagsins og þeirra sem minna mega sín ráði ekki för.

Við erum vafalaust sammála um að stór mál á borð við alþjóðasamskipti, gjaldmiðil og nýtingu náttúruauðlinda þarfnist tafarlausrar umræðu og skjótrar en vandaðrar ákvarðanatöku. Og þjóðin öll er áreiðanlega sammála um nauðsyn þess að Íslendingar endurheimti traust sitt á alþjóðavettvangi og til þess að það gerist þurfum við að lyfta Grettistaki.

Verkefni framundan eru viðamikil og erfið fyrir íslenska þjóð en mitt val er einfalt ég vel leið hægri manna fyrir mig og barnabörnin mín.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Örlogaríkar kosningar

Hinn 25. apríl næstkomandi ganga Íslendingar til Alþingiskosninga sem ég tel vera einhverjar hinar örlogaríkustu í sögu lýðveldisins. Þær snúast um endurreisn Íslands. Á hvað grunni viljum við reisa efnahags- og fjármálakerfið við, hvernig viljum við bera okkur að í vörn og sókn fyrir velferðarþjónustuna og hvernig ætlum við að ráðstafa náttúruauðlindum okkar? Flestir þekkja áherslur Vinstrihreyfingarinnar -



græns framboðs um blandað hagkerfi sem byggir á fjölbreytni, jöfnuði og sanngirni við skiptingu verðmæta, eignarhaldi þjóðarinnar á auðlindum til lands og sjávar og varfærni í umgengni við móður jörð. Nú ríður á að við vöndum okkur og styðjum til áhrifa merkisbera þeirrar stefnu sem best tekur tillit til þessara þátta. Á lista VG í Suðvesturkjördæmi er fólk víðs vegar að úr samfélaginu og á það sameiginlegt að hafa látið að

sef kveða í þjóðfélagsumræðunni á undanförmum misserum og árum. Ég hvet lesendur til að kynna sér listann vel og íhuga hvort þeir eru sammála mér um að þar sé tvímæla- laust að finna fólk sem mikilvægt er

að komi að stjórn þjóðarskútunnar í erfiðri siglingu komandi ára.

Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra, skipar 2. sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi



Börn í Mosfellsbæ of feit

Í dag er offita barna ekki lengur skilgreind sem léttvægt vandamál einstaklinga heldur sem eitt helsta heilbrigðisvandamál Vesturlanda. Fjöldi þeirra sem þjáist af offitu hefur þrefaldast á síðustu 20 árum. Breytingar á lífsstíl, svo sem matarræði og hreyfing er líklega mikilvægasta orsök.

Í rannsókn sem gerð var á heilsufari barna í Mosfellsbæ kom í ljós að rúmlega 23% barna eiga við offituvanda að stríða. Aðeins eitt hverfi í Reykjavík kom verr út í þessari rannsókn. Þetta eru sláandi

LÝÐHEILSUHORNIÐ

niðurstöður sem sannarlega þarf að bregðast við. Mótuneyti allra skóla í Mosfellsbæ vinna nú eftir samræmdri aðgerðaráætlun sem unnin var í samráði við Lýðheilsustöð og er það til sóma. Það er þó ekki síst á ábyrgð foreldra að hjálpa börnum sínum að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar er að finna nokkur einföld og góð ráð handa foreldrum til að stuðla að heilbrigði barna sinna. Þar er jafnframt minnt á að foreldrar eru mikilvægur fyrirmyndir.

- Hafa reglu á máltíðum, þrjár aðalmáltíðir á dag og tveir til þrjár hollir millibitar.
- Gefa börnum hollan morgunmat, þá sækja þau síður í ruslfæði.
- Eiga nægilegt úrval af ávöxtum og grænmeti á heimilinu og hafa það aðgengilegt sem bita milli mála.
- Sælgæti, kex, kökur og gosdrykkir séu ekki hafðir aðgengilegir nema á hátíðisdögum.
- Hvetja börn til að drekka vatn við þorsta og með mat.
- Hvetja börnin til að hreyfa sig, ganga eða hjóla í skólann, ganga upp tröppur í stað þess að taka lyftu.
- Hvetja börn til að fara út að leika sér í stað þess að setjast fyrir framán sjónvarpið. Sjónvarpsáhorfi fylgir oft aukið nart og auglýsingar geta aukið á neysluna og löngun í mat og sælgæti.
- Hvetja börn til að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi eða tómstundastarfi skólanna.
- Stunda hreyfingu og útvist með börnunum, fara á skíði, skauta, út að hjóla. Aukin hreyfing foreldra leiðir til aukinnar hreyfingar barna þeirra.

Hreyfum okkur saman í páskafríinu og stuðlum þannig að heilbrigði fjölskyldunnar.

Tenglar: lydheilsustod.is landlaeknir.is

Gleðilega páska.

Fyrir hönd stýrihópsins, Allt hefur áhrif einkum við sjálf. Kolbrún G. Þorsteinsdóttir

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF



**Kosningarskrifstofan í Mosfellsbæ
verður opin sem hér segir:**

**Opnar 15. apríl kl. 17
með léttum veitingum**

Opið alla daga frá kl. 16 til 19
Laugardaga frá kl. 10 til 14
Kosningardag frá kl. 9 til 18

FRAMSÓKNARFLOKKURINN
Háholti 14 Mosfellsbæ



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreflur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



**Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.**

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fái blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Hlégarður



VEISLUGARÐUR

Veislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær, sími 566 6195 / 892 9411

**Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu**

**Útvega öll
jarðefni**

VÖRUBILL Þ.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE

Fullkomnustu grindarréttinga- og
mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést
að vel er hönnuð iðjan
og nýja tækni nýtir best
Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

**NÝJA
BÍLASMÍÐJAN HF**

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Heyrst hefur...



...að oftár en einu sinni sé búið að stela flatskjánum í setustofunni á elliheimilinu.

...að Örn Ingi Bjarka Sigurðssonar sé á framboðslista Sjalla á Kraganum.

...að Biggi Haralds og co séu að leggja lokahönd á nýjan CCR disk með hljómsveitinni CCReykjavík. Útgáfutónleikar verða í Bæjarleikhúsinu kvöldið fyrir kosningar.

...að búið sé að skila öllum atvinnulóðunum í Desjamýri aftur til Mosfellsbæjar.

...að Baldur Orri eigi þrítugs afmæli á laugardaginn, sama dag og Afturelding verður 100 ára.

...að það standi til að halda risa Sálur ball í íþróttahúsinu 23. maí.

...að Reykjalundur sé búinn að rifta 5 ára styrktarsamningi sínum við Aftureldingu sem gerður var í fyrra.

...að fólskuleg árás hafi átt sér stað á Subway í hádeginu á laugardaginn. Menntu voru eitthvað ósáttir með bílastæðamálin í hlaðinu.

...að Sigurbjörn á Kíðafelli sé á lista Framsóknar í SV fyrir Alþingiskosningarnar.

...að verið sé að opna ljósmyndastofu í Kjaranum.

...að hvorki Mogginn né Fréttablaðið sé borið út til nýbúa í Leirvogstungu.

...að Mosfellingurinn Anna Hlín standi sig vel í Idolinu.

...að Einar Scheving sé fertugur í dag.

...að Karlakór Kjalnesinga sé að leggja lokahönd á geisladisk sem gefinn verði út í lok mánaðarins.

...að Simmi í Idolinu skuldi Gunna á hjólinu sex lítra af djús. Gunnar er ekki sáttur við framgang mála.

...að mosfellsku drengirnir í hljómsveitinni St. Peter the Leader hafi tekið þátt í Músíktilraunum.

...að Ingó og Veðurguðirnir ætli að skemmta á sérstökum unglíngadansleik á afmæli Aftureldingar.

...að Stefánía úr Bob Gillan og Ztrandvörðunum sé að syngja lög inn á nýjan hljómdisk með Stuðmönnum.

...að búið sé að loka á fréttablogg Hvíta Riddarans hjá Mbl.

mosfellingur@mosfellingur.is

Veisla hjá Rafmögnun Tíu ára afmæli

Föstudaginn 3. apríl héldu Rafmögnunarmennirnir Björgvin Jónsson og Haraldur Örn Arnarson upp á tíu ára starfsafmæli fyrirtækisins í húsnæði þeirra að Völuteigi 29. Félagarnir hafa starfað í Mosfellsbæ í tíu ár og auk þess að fást við hefðbundnið starf rafvirkja hafa þeir m.a. unnið fyrir svína- og kjúklingabændur víða um land.

Þrjú starfsmenn vinna hjá Rafmögnun í dag en þeir hafa verið á bilinu þrjú til sex eftir verkefnum. Rafmögnun hóf starfsemi sína í Háholti 14 en flutti í Völuteig 29 sem þeir félagar byggðu í samstarfi við byggingarfélagið Bakka.

Milli 70 til 80 manns mættu í veisluna og um matinn sá Siggi í fiskbúðinni Mosó og Högni, var boðið upp á sjávarréttarsúpu að hætti strákanna.



Rafmögnun í stuði.



Björn í Brautarholti og Örn Kjærnested.



Siggi í Fiskbúðinni sá um súpuna.



Kristrún með pabba og mömmu eftir sigurleikinn.

Íslandsmeistari

Mosfellingurinn Kristrún Sigurjónsdóttir varð á dögunum Íslandsmeistari í körfuknattleik með Haukum þar sem hún hefur leikið undanfarin ár. Það er ekki nóg með að Kristrún hafi orðið meistari, heldur er hún fyrirliði liðsins og ein af burðarásnum þess. Kristrún lék alla 29 leiki Haukastúlka í vetur og skoraði 16,7 stig að meðaltali í leik.

Í eldhúsinu



HJÁ ODDNÝJU

Lúðuréttur

Oddný Hildur Sigurþórsdóttir kennari gefur okkur uppskrift að þessu sinn af Lúðurétti sem er í miklu uppáhaldi hjá henni. Þennan rétt fékk hún hjá Eyðísi vinkonu sinni og með honum er gott að hafa snittubrauð, hvítlauksbrauð og smjör.

1 kíló stórlúða eða smálúða, roðflett og beinlaus (skorin í þunnar fallegar sneiðar).

Safi úr fjórum sítrónum

8 msk Puget ólívuóla

Gróft sjávarsalt

Sítrónupipar

Rauðlaur skorin í þunnar sneiðar.

Hvítlauksrif smátt skorin

Ferskur chilli (notið hanska).

Rauð eða gul paprika skorin smátt.

Kapers

Ólífur best er að nota spænskar stórar ólífur sem gefa mikið bragð.

Leggið fiskinn fallega skorinn í mót hellið helmingnum af sítrónusafanum ásamt ólíunni yfir fiskinn. Leggið aðra umferð af fiskinum og setjið restina af sítrónu og ólíunni yfir. Ef þið eruð með kíló af lúðu þá þurfið þið líklega tvö mót eða fleiri.

Kryddið fiskinn með sítrónupipar og sjávarsalti.



Skerið grænmetið niður og raðið því fallega yfir fiskinn.

Fyrst rauðlaurkinn, hvítlaur, paprika, ólífur, kapers og ferskan chilli. Setjið í kæli og látið marineraast í sólahring.

Verði ykkur að góðu.



Páskaegginn í ár eru framleidd úr sérvöldum Criollo baunum frá tveim heimsálfum Suður Ameríku og Afríku.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is

Sýrenur sem bæjartré

Ég er tiltölulega nýr íbúi í Mosfellsbæ. Það sem mig langar til að koma að við bæjaryfirvöld er hvort ekki megji gera meiri skurk í að planta fallegum trjám í bænum, setja upp fleiri bekkir við göngustíga og fegra umhverfið í bænum til muna? Ég er steinhissa á hversu hringtorgin eru flest ljót. Afhverju eru ekki gerðar fallegar grjóthleðslur og plantað fallegum trjám og fjölaeringum í hringtorgin? Legg ég sérstaklega til að sýrenur séu notaðar í miklu meira mæli í bænum en gert er. Þetta eru afskaplega harðgerð og fallega blómstrandi tré. Tilvalið að setja margar sýrenum saman í þyrpingu eða til að mynd trjágöng. Það eru til fleiri trjátegundir en birki, aspir, greni og reynivíðategundir. Hvernig væri að gera sýrenu trén að bæjartré Mosfellsbæjar?

Það yrði afskaplega gaman ef garðyrkjudeildin hér í bænum væri með eitthvað frumkvæði í að fegra hérna til í bænum með almennilegri gróðurvakningu og fallegu og FJÖLBREYTTU plöntuvali.

Einni sem er umhugað um umhverfi sitt og mikill fagurkeri.

Með Kveðju
Diana

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



FREKI EHF
NÝSMÍÐI VIÐHALD
ENDURBÆTUR
gsm. 8213899 neifang.freki@internet.is



zur þráðlaust net kaldur af krana cfe
boltinn í beinni kaffi risaskjúr samlok
samiokur lasagne heitt súkkulaði

Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040

rebes pizzur kaffi risaskjúr samlokur
sagne heitt súkkulaði boltinn í beini
amiokur þráðlaust net kaldur af kran

ÞAÐ SEM TIL ÞARF



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is



Stobnir skór

Svo er mál með vexti að sonur minn er fatlaður og þarf að notast við spelkur. Hann hefur þurft að nota skó með frönskum rennilás til að nota við spelkurnar, einu til tveim númerum of stóra til að komast í þá og geta hjálpað sér sjálfur. En í febrúar hvarf annar skórinn í skógeymslunni í Varmárskóla, við leituðun allstaðar meira að segja í ruslagámnum. En ekki fannst skórinn. Það er mjög allgengt að skór hverfi í þessari skógeymslu í skólanum. Þarna ganga inn 4., 5., og 6. bekkur. Óskaði ég eftir úrbættum við skólastjóra því þetta hefur gengið svona í nokkur ár, en aldrei eins slæmt og í vetur hefur það gengið svo langt að í hverri viku hverfa skór.

Þetta er algjört agaleysi á börnunum, þeim finnst þetta mjög sniðugt. En aginn byrjar heima fyrir og virðing fyrir eignum annarra.

Ég óska eftir því að sá sem tók skóinn hans sonar míns borgi nýja skó og viðurkenni mistök sín. Það væri nú ekki vitlaust að foreldrar tali við börnin sín um þessi mál, að svona geri maður ekki. Ég lít á þetta sem stuld á skóm, ég hef vissa aðila grunaða en get ekkert sannað. Þarna er mjög mikil þörf fyrir eftirlitsmyndavél, svo sé hægt að nappa þá sem gera þetta ítrekað, á kostnað annara. Þangað til viðgengst þetta áfram, og finnst sniðugt. Skór kosta peninga og eru ekki ódýrir. Þetta er blár og hvítur Bewild skór í st. 38, sem hvarf í skólanum. Sá sem tók skóinn getur haft samband við mig.

Linda Björk Stefánsdóttir.
Sími 5668443 eða 8649554.



FJÖLSKYLDU TILBOÐ
Í SNÆLANDI

2.380,-

4 Hamborgarar, franskar og 2 l. Coke

Munið eftir bílalúgunni!



SNÆLAND VIDEO
HÁHOLTI 12



Næsta blað:
Miðvikudaginn 22. apríl
(skilafrestur efnis 18. apríl)
mosfellingur@mosfellingur.is

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað ætlar þú að gera í páskafríinu?



RAGGA: Ætla á „Aldrei fór ég suður“ á Ísafirði.



ALMAR: „Aldrei fór ég suður“. Það er málið.



TINNA: Vínna, læra og sofa.



KRISTJANA: Sofa og háma í mig páskaegg.



BJARKI: Sofa og borða páskaegg.



SÓLEY: Sofa, slaka á, borða páskaegg og fermast.



Kátt í kofanum



Frískir og fjörugir



Eins og vindurinn



Viðrar byssirnar



Pósan á hreinu



Til hamingju, kv. Alli



Óskín, Bekkan og Felgan



Anna Hlín stendur sig vel



Brokeback Mountain

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Alltaf stuð að Varmá



Reunion 72 árgangansins



Endurfundir



Stelpurnar í Laxnesi



Allir eru stjórnur í Hollywood



Atli hress



Thumbs up



Siggeir og co.



Matti myndar



Fjör í sveitinni



Heimasæturnar



Gaman í Garðinum



Komnir í girinn



STEFANÍA SVAVAR (17)

ER NÝR LIÐSMAÐUR STUÐMANNA



Rífandi stemmning á Rúbín



Unnsa og Lotta

ÄSLÄKUR
er opinur



**BOLTINN
Í BEINNI**

ÚRVALSDEILD HERE I COME!

Nú er lyklatríði að standa saman og flengja þessa punga í eitt skipti fyrir öll!

Við erum nefnilega að fara að spila um laust sæti í úrvalsdeild á næsta tímabili og verður þetta hörku úrslitakeppni. Ég er að tala um alvöru dæmi sko! Tveir sigrar gegn Selfoss koma okkur í úrslitaleiki. Við erum á þvítíku flugi og ætlum okkur klárlega alla leið.

En til þess að við náum þessu þurfum við ÞÍNA hjálp. Okkur vantar peppið, okkur vantar lætin á pallana, okkur vantar tryllta trommuleikara sem geta hamrað á leðrið þangað til það slitnar, okkur vantar blóðþyrstan múg Mosfellinga sem eru tilbúnir að leggja land undir fót til þess að láta þennan draum um að spila í úrvalsdeild verða að veruleika.

Föstudaginn 17. apríl förum við (meistaraflokkur Aftureldingar í handbolta) á Selfoss og leikum þar fyrsta leikinn í úrslitakeppninni. Þeir enduðu í öðru sæti í deildinni en við þriðja, en það er engum blöðum um það að fletta að við erum klárlega með betra lið. Í stúkunni í vetur hafa verið nokkrir vaskir drengir og látið í sér heyra, samið nokkur stemningslög og búið til góða takta, en nú vantar bara að Sigga, Magga, Rut og Ragga, Stína og Jósafat frændi komi og taki undir, fjölmenni á Selfoss og þaggi niður í þessu hnakkafylupakki í eitt skipti fyrir öll!!! Það verður geðflækt stemning, því get ég lofað.

Vi er røde, vi er hvide.
Vi står sammen, side om side!!!

Þrándur



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Áttu muni frá stríðsárunum?

Er safnari sem óska eftir munum tengdum stríðsárunum á Íslandi. Upplýsingar í 822-5344 eða fbi@fbi.is

Vantar pössun

Lítinn dreng vantar pössun frá 1. júlí til og með 8. júlí, einnig frá 27. júlí til og með 31. júlí. Um er að ræða frá kl. 07:30 - 17. Drengurinn verður tveggja ára í ágúst og býr í Höfðunum. Upplýsingar í síma 693-5570.

Týndur gsm sími

Hvítur NOKIA 6101 gsm sími tapaðist 26. mars s.l., sennilega á Varmárvæðinu. Hans er sárt saknað af eigandanum, Andreu Rut 9 ára. Finnandi er vinsamlegast beðinn um að koma með símann í afgreiðsluna að Varmá eða hringja í s. 820-7255 eða 821-7255.

Skólatösku saknað

Brotist var inn í bílinn minn um helgina og ýmsu stolið m.a. skólatöskunni minni. Hennar er sárt saknað sökum prófatarnar. Ef viðkomandi hefur kjark til að skila námsgögnunum getur hann sett þau fyrir utan Hulduhlíð 6 eða sent í pósti. Annað má hann hirða mín vegna. Uppl. í síma 849-0717.

Tekið er við smáauglýsingum á netfangið:
mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú þáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf. Pípulagnir

☎ 660 6690

ÖKUKENNSLA LÁRUSAR GSM 694-7597



AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl,
bifhjól eða
skellinöðru!

Er með mótör-
hjólakermir,
frábært fyrir
byrjendur

Fáðu tilboð, kenni
allan daginn
Annast einnig
ökumat og upprifjun
fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler
löggiður ökukennari

HONDA



BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJRI HILUTRI
- VIFTUREIMAR
- BREMSUKLOSSAR
- TÍMAREIMAR
- SMURGLUR
- PERUR
- KERFI
- HREINDIEFNI
- ÖLJUR




GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni



ARININN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

Óskum öllum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra
páska

texture
HÁRSTOFA

Háholti 23, s. 566 8500



Viltu betri heilsu? Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir

Herbalife ráðgjafi í Mosteilsbæ

Sími: 889 9913

betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com





S. 55 44444
Pverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



ÁRSHÁTÍÐ LÁGAFELLSSKÓLA

Prúðbúnir nemendur unglíngadeildar Lágafellsskóla héldu glæsilega árs hátíð í síðustu viku þar sem þemað var Hollywood.

**GÓÐ TÆKI
GOTT VERÐ
GÓÐUR ANDI**

ELDING líkamsræki

Tilboð 1:

Þú kaupir kort á 14.900 kr. og æfir til 1. september.

Tilboð 2:

Tveir fyrir einn
Þú kaupir eins eða þriggja mánaða kort og færð annað frítt

* Kort sem keypt eru á tilboði 2 gilda til 1. september.



ELDING - LÍKAMSÆKKT
Íþróttamiðstöðinni að Varmá
s. 566-773 - www.eldinggym.net



MOSFELLSBÆR

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA UM PÁSKA

Varmárlaug

Skírdagur opið 9 - 18
Föstudagurinn langi lokað
Laugardagur opið 9 - 18
Páskadagur lokað
Annar í páskum opið 9 - 18

Lágafellslaug

Skírdagur opið 8 - 19
Föstudagurinn langi lokað
Laugardagur opið 8 - 19
Páskadagur lokað
Annar í páskum opið 8 - 19



VINSTRÍ GRÆN
-vegur til framtíðar
www.vg.is

KOSNINGASKRIFSTOFA

Laugardaginn 11. apríl kl. 15 opnum við kosningaskrifstofu okkar að Háholti 22 (Gamla Krónuhúsinu).

Allir velkomnir, heitt á könnunni.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 1. sæti Suðvesturkjördæmi